

Fundur Fjölmenningsráðs 8. nóvember 2022, kl. 17:00  
Haldinn í fjölnotasal Bókasafns Hafnarfjarðar

Fundinn sátu: Gundega Jaunlinina, Laura Cervera, Anna Karen Svövdóttir, Sylwia Baginska, og Aleksandra Julia Wegrzyniak. Einnig sat Ólafía Björk Ívarsdóttir starfsmaður ráðsins fundinn.

Fundagerð ritaði: Aleksandra Julia Wegrzyniak

## **Dagskrá:**

### **Almennar umræður:**

Anna Karen og Laura sögðu frá kynningu Fjölmenningsráðs á fundi Fjölskylduráðs og tillögu um frístundastyrk t.d. fyrir pólska skóla í Reykjavík. Frístundastyrkur er ekki veitur fyrir þann skóla í Hafnarfirði en slíkur styrkur er veitur í Reykjavíkurborg og í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Fjallað var um að sér styrkur á að vera fyrir tungumálanámskeið fyrir öll börn.

Frístundastyrkur fyrir börn í Hafnarfirði – mjög flóknar reglur, þarf að einfalda þær og veita styrk fyrir öll námskeið.

Anna Karen ætlar að athuga hvort hægt væri að hafa fund við Markaðsstofu Hafnarfjarðar, þar sem Fjölmenningsráð og Markaðsstofa geta unnið saman verkefni fyrir innflytjendur, t.d. upplýsa áhugasama hvernig fyrirtæki er stofnað og með því auðvelda þeim að fá vinnu.

### **Skortur á íslenskukennslu í Hafnarfirði**

Mjög mikinn skortur er á íslenskukennslu í Hafnarfirði. Engin íslenskukennsla fer fram í Námsflokkunum Hafnarfjarðar í síðustu ár og engin íslenskukennsla í Hafnarfirði eins og er. Ástjarnakirkjan er stundum með íslenskunámskeið á sinum vegum. Erfit er fyrir fjölskyldufólk að fara á íslenskunámskeið til Reykjavíkur.

Talað var um að þörf væri á íslenskukennslu á vinnutíma og starfstengdum tungumála námskeiðum, álag í vinnu og mannekla ætti ekki hafa áhrif á íslenskukennslu starfsmanna.

Rannís er með styrki fyrir íslenskukennslu fyrir fagaðila. Kanna þarf, hvort hægt væri að virkja starfsemi Námsflokkanana.

Talað var um Þróunarsjóð innflytjenda, þar sem hægt væri að sækja um styrki en ekki er hægt að sækja beint um styrki fyrir íslenskukennslu og umsóknarfrestur er til 1. des. 2022.

Fjölmenningsráð reynir að finna leið/hugmyndir til að sækja um.

### **Önnur mál**

Stofna hóp fyrir Fjölmenningsráð þar sem hægt væri að deila og safna hugmyndum.

Fjölmenningsráð ætlar að búa til lista með stofnunum þar sem hægt væri að sækja um styrki fyrir sína starfsemi/viðburði ásamt umsóknarfrestum.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl. 18:23.